

Hönnun og smíði / námsáætlun






LAUGALÆKJARSKÓLI / Magnús V. Guðlaugsson

Nemendur velja sér 2 verkefni af verkefnum merkt 1-4.
Síðan geta nemendur valið sér aukaverkefni í samráði við kennara.
Munið að vinnuteikning er grunnur að öllum verkefnum.



YFIRLIT

MARKMIÐ OG MAT

Kistlasmiði	Nemendur gera vinnuteikningu af kistli að eigin þörfum. Einnig geta nemendur unnið út frá tilbúnu niðusöguðu efni. Lok á kistil ýmis með lömum eða rennilok. Málun eða yfirborðsmeðferð að eigin vali. Gerðar tilraunir með að líma myndefni utaná kistla.	Að nem. tileinki sér verklagni og meðferð ýmissa verkfæra. Finni að ýmsar lausnir og útfærslur eru mögulegar. Æfist í að rissa upp hugmyndir sínar og gera vinnuteikningu. Fá tilfinningu fyrir smíðavinnu og yfirborðsmeðferð hluta. Fá aukið sjálfstraust og trú á getu sína í þróun ýmissa hugmynda.	
1 Bekkur 8 Ár 10-11 Önn Haust			
Hreyfiskúlptúr - óróar	Nemendur gera tilraunir með og hanna ýmis konar óróa og hreyfiskúlptúra.	Markmiðið er að nemendur æfist í því að hanna, smíða og hugsa upp sniðugar lausnir í gerð óróa. Margt þarf að skoða s.s. uppbyggingu jafnvægis, smekklegr og viðeigandi útlit og ef til vill val á efni sem klingir fallega í. Verkefnið er metið út frá hugmyndaauðgi, frágangi og hversu vel óróinn/skúlptúrin virkar.	
2 Bekkur 8 Ár 10-11 Önn Haust			
Strengjabrúður	Nemendur skissa upp strengjabrúður. Þeir tálga til trúgreinar og festa saman þannig að hægt verði að láta brúðurnar hanga í þráðum og hreyfa til, "ganga" t.d. Æskilegt er að hafa samráð við textílstofu þegar kemur að því að fata brúðurnar. Einnig mætti hugsa sér samráð við aðra kennara og setja upp brúðusýningu á sviði eða sem skugasýningu.	Markmiðið er að nemendum takist að hanna, tálga og setja saman strengjabrúður með hreyfimöguleika þegar þær eru hengdar upp á þræði. Að verktækni, útsjónarsemi og hugmyndarflug njóti sín sem best. Að samvinna nemenda eflist í frekari útfærslu við uppfærslu á leikbrúðusýningu. Verkefnið er metið eftir hönnun, vinnuskissum, hreyfanleika, tæknilegum	
3 Bekkur 8 Ár 10-11 Önn Haust			
Vaxform og kerti	Nemendur móta eða finna tilbúið form. Kertaþráð er komið fyrir og bráðið vax með litarefnum er hellt í formið. Hægt er að notast við ýmis efni til formgerðar, leir, ílát, box, blöðrur, ísmolabakka. sokka eða gifsnot útán af ávöxtum. Einnig er hægt að blanda út í vaxið smáhlutum sem glitra en brenna ekki.	Markmiðið er að nemendur leiti leiða til að skapa áhugavert form og brúklegt kerti á sama tíma. Verkefnið býður uppá fjölbreyttar lausnir og því mikilvægt að nemendur virki ímyndunaraflíð. Verkefnið er metið eftir skapandi og áhugaverðri hönnun, vandvirkni og endanlegri útkomu.	
4 Bekkur 8 Ár 10-11 Önn Haust			
Aukaverkefni	Nemendur vinna ákveðna hugmyndavinnu og gera raunhæfa verkáætlun í framhaldi af því. Áhersla er lögð á gerð vinnuteikninga og það að nemendur þrói áfram og fylgi áætlun sinni. Að þeir geri sér grein fyrir hönnunarferlin (greining á þörf, hugmyndavinnu og hönnun, frumgerðir, prófun og endanleg framkvæmd) og leitist við að vinna samkvæmt því.	Markmiðið er að nemendur kynnist því að vinna markvisst að raunhæfri og spennandi hönnun. Að þeir geti gert sér grein fyrir kostnaði og tæknilegum úrlausnum við gerð verksins. Verkefnið er metið eftir hönnun, vinnuteikningum, verkferli og afurð.	
5 Bekkur 8 Ár 10-11 Önn Haust			